

Stuðboltarnir

5. fundur - lokafundur

Nemendafulltrúaráð 2.-10. bekkja

Fundur 20. maí 2019

Mættir voru 32 Stuðboltar úr 2.-10. bekk, Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir og Helga Fríður Garðarsdóttir.

1. Helga Fríður byrjaði á að bjóða Stuðbolta velkomna á lokafund skólaársins 2018-2019. Fór hún yfir hvernig gengið hefði á fundum og hversu gaman hefði verið að sjá hvernig nemendur smám saman lærðu inn á það að sitja fundi, tjá sig og hlusta á aðra. Þakkaði hún veturinn og skemmtileg kynni áður en hún gaf Guðbjörgu M. skólastjóra orðið.
2. Guðbjörg fór yfir fundargerðirnar frá því í vetur og ræddi við nemendur um hlutverk Stuðbolta utan fundartíma. Hversu mikilvægt það væri að þeir væru talsmenn inni í sínum bekkjum. Til að mynda hvað varðar fyrsta málefnið sem tekið var fyrir í vetur, hrós. Að Stuðboltar myndu halda á lofti þeim góðu hugmyndum sem fram hafa komið á fundunum og að þeir séu fyrirmyndir hvað það varðar. Guðbjörg talaði einnig um tungumálið okkar íslenskuna. Að það hefði komið skýrt fram á Stuðboltafundi að nemendum þygi slett of mikið á ensku en samstaða væri um að reyna að passa upp á tungumálið okkar. Margar hugmyndir komu fram varðandi litlu jólin og urðu sumar þeirra að veruleika. Guðbjörg ræddi einnig um heimalestur. En það málefni tókum við fyrir á janúarfundinum okkar. Hún fór yfir mikilvægi þess að lesa, ekki bara til að lesa hratt heldur til að dýpka skilning okkar á því sem við erum að lesa og að velkomið væri að lesa annað en bækur, t.d tímarit, dagblöð ofl.
Guðbjörg fór yfir einkunnarorðin okkar - virðing, vellíðan og virkni. Hversu mikilvægt væri að halda orðunum á lofti og hvernig hefði verið brugðist við hugmyndum þeirra og

Þessi orð gerð sýnilegri innan veggja skólans. Þessu tengt kom hún svo inn á virðingu gagnvart eigum skólans en borið hefur meira á því í vetur en aðra vetur að munir skólans hafa verið skemmdir og þá sérstaklega sófar. Benti hún á að ef verið væri að skemma hluti skólans færi peningur í endurnýjun og bætur í stað þess að geta varið honum í annað nýtt eða skemmtilegt. Umgengni almennt innan skólans var svo rædd og hvernig allir geta lagt hönd á plóg hvað það varðar.

Guðbjörg tilkynnti nýtt fyrirkomulag árs hátíðar á næsta skólaári og er það meðal annars til komið út frá því sem fram kom á þriðja Stuðboltafundi vetrarins.

Vorhátíðin var svo síðasta umfjöllunarefni Stuðbolta í vetur og þakkaði Guðbjörg Stuðboltunum þær mörgu, fjölbreyttu og góðu hugmyndir sem þar fram komu. Lét hún Stuðbolta vita að hugmyndir þeirra hefðu verið bornar upp á starfsmannafundi og yrðu þær fjölmargar að veruleika á vorhátíðinni okkar þann 30. maí nk. Að lokum þakkaði Guðbjörg Stuðboltum fyrir þeirra framlag í vetur.

3. Stuðboltum var svo boðið upp á gómsætar súkkulaðikökur frá Hérastubbi bakara og djús með því.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Helga Fríður Garðarsdóttir